

leiti sinnar eigin gæfu, og eru þar í samræmi við gömlu platónsku kenninguna, sem kölluð er; líka kenning þá sem kemur fram í Salómons bókum Gamla testamentisins, að allir lestir séu heimska. Dygðin er viturleg, en ódygðin óviturleg aðferð til að finna gæfuna. Dygðin er nokkurskonar hyggni, og lestir eru ekkert annað en óhyggni eða feilreikningur. Sá sem leitast við að bæta siðferðisásgikomulag mannkynsins, hefir tvo og að eins tvo vegi til að framkvæma það verk. Sá fyrri er, að gera það að meiri og meiri hag hvers einstaklings, sem hann gerir öðrum í hag, og hinn er að eyðileggja þá vanþekkingu sem hindrar menn frá því, að sjá sinn eigin hag. Ef skírlífi eða sannleikur eða hvað annað, sem vér köllum dygðir, lokuðu oss meiri óhamingju heldur en hamingju og eyðilegðu meiri ánægju heldur en þær orsökuðu, þá væru það ekki lengur dygðir, heldur lestir. Ef ekki er hægt að sýna oss, að það sé eigin hagnaður að iðka eitthvað, sem kallað er dygð. Þá er ekki lengur ástæða til að iðka hana, og skuldbinding vor, að gera slíkt, er horfin. Vér getum dregið alla siðferðiskenningu þeirra út úr því sem kallað er „Epicurusar fjögur guðspjöll“. Sú gleði, sem engar kvalir hefir í för með sér, er eftirsóknarverð, þá kvöl sem enga gleði hefir í sér fólagna, skyldi maður forðast. Þá gleði skyldi maður forðast, sem er hindrun fyrir stærri gleði eða framleiðir stærri kvalir. Þá kvöl skyldi maður þola, sem kemur í veg fyrir stærri kvöl eða er orsök til stærri gleði. Alla vora ánægju höfum vér frá þeim athöfnum, sem vér köllum dygð. Dygðir annara manna auka farsæld vora, og fyrir dygðir sjálfra vorra náum vér álit og trausti. Dygðin kemst því í svo náið samband við farsæld vora. Hún verður elskuð jafnvel meira en farsældin sjálf, og vér finnum til óumræðilegrar gleði, þegar vér iðkum hana og til kvala þegar vér breytum gagnstætt henni. Samvizkan, sem þannig myndast, verður vor leiðarstjarna, og svo lærum vér vegna eigin hagsmuna að fórnfæra öllu frekar en henni.

Mótmælin gegn þessari kenning hafa verið mörg sem eðlilegt er. Oss líkar ekki þessi kenning. Tilfinningar vorar og rettlætismeðvitund mannkynsins mótmæla því. Meðal allra þjóða og á öllum tímum hefir greinarmunur verið gerður á